# 350. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ

## 3. febrúar 2026 kl. 12.10

**Mætt öll á Teams**

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson(SJ), Kári Mímisson (KM), Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ)

BL yfirgaf fundinn kl. 12.30.

1. **Verklag við svörun erinda frá sérsamböndum**
   Búið er að svara erindum sem komu frá sérsamböndum vegna úthlutunar vegna 2026.
   Umræða hefur verið um svörun erinda og hættu á að erindi nái ekki á fund.
   Í samráði við ÞEE og stjórnsýslusvið ÍSÍ útbjó KSR drög að minnisblaði með verklagi um svörun erinda. Var það sent stjórn til rýni og upplýsinga.

2. **Breytingar á reglum og viðmiðum vegna úthlutunar 2027**
   Umræða fór fram um hvort og þá hvaða breytingar væri rétt að gera á reglum og viðmiðum fyrir næstu úthlutun.
   Mest gagnrýni hefur verið á flokkun sérsambanda í afreksflokka. Mikil umræða fór fram um flokkun og hvaða leið væri best.
   Flestir voru sammála um að ekki væri þörf að umbylta fyrirkomulagi úthlutunar en rétt að skoða flokkunina.
   Þá var rætt um hversu mikið árangur liðs í einstaklingsgreinum vigti.

   Ákveðið var að boða fund með sérsamböndunum til að ræða fyrirkomulagið og flokkunina.
   KSR gert að boða fund með sérsamböndunum 18. febrúar n.k.

3. **Önnur mál**
   Engin önnur mál.
   Fundi slitið kl. 12.59.